Fylgiskjal 23

Vegagerð ríkisins
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri.

Efni: Ábendingar vegna væntanlegrar vegagerðar um Hauksstaðaland
á Vesturárdalsleið.

Þar sem veglína liggur mjög nærri fjárhúsum ( við stöðvar 30700 – 30800 ) og yfir vatnsbólið, þar sem vatnið er tekið í húsin,er nauðsynlegt að færa hana fjær eins mikið og hægt er. án þess það komi mikill sveigur á veginn.

Þá er algert skilyrði að þarna verði sett undirgöng í veginn til að auðvelda rekstur fjár á milli fjárhúsa og túna, en eins og sést á kortum eru túnin öll ofan við veginn. Um þetta þarf að ræða við eiganda og ábúanda Baldur Guðmundsson.

Heiðargirðing hefur verið hér í mörg ár. Girt er í Vesturdalsána við brúna ( hjá Hauksstöðum ) og upp að klettabelti í fjallinu. Þarna þarf að koma ristarhlið. Þá væri æskilegt að ræða við landeigendur um girðingu meðfram veginum frá Búastöðum að heiðargirðingu, ef í ljós kemur mikill ágangur fjár við veginn á þessum kafla, sem e.t.v. leiddi til slysahættu og þá hvernig við því yrði brugðist. E.t.v. er það seinni tíma vandamál.

Með bestu kveðju.

Hauksstöðum 18.mars 2007.

Baldur Guðmundsson.
Fríður H. Guðmundsdóttir

VEGAGERÐIN
Norðurland eystra
Mótt. 23 MAR 2007
Skjalalykill 10.21
Málsnr. 2004030050